

## Fundargerð 165. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg

**Fundardagur:** Þriðjudagur 14.apríl 2026

**Fundartími:** Flóaskóli 16:00 – 17:15

Sameiginlegt 17:15 – 17:30

Krakkaborg 17:30 – 18:30

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður  
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður  
Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður  
Jakob Nielsen Kristjánsson varamaður

Pórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla  
Hafdís Gígja Björndóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla  
Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar  
Íða Bjarnadóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Axel Páll Einarsson aðalmaður boðaði forföll

Helga Hallgrímsdóttir fulltrúi foreldra Krakkaborgar boðaði forföll

### Dagskrá:

#### Flóaskóli

##### 1. Fréttir af skólastarfinu

Marsmánuður hefur einkennst af þúsli kringum Matsferilspróf og fyrirlögn þeirra. Að hámarki gátu aðeins um 15-20 nemendur tekið prófin á sama tíma vegna takmarkandi netsambands. Einungis var hægt að nýta 3 kennslustofur á mið og elsta stigi til prófanna einnig vegna netsambands. Allir nemendur í 4.-10. Bekk hafa lokið prófum. Gekk að mestu vel, en þó komu upp hnökrar, sumir sem snéru að MMS en aðrir að

lélegu netsambandi í skólanum. Prófin voru áhugaverð og lærdómsrík líka fyrir skólann að sjá hvort efnistöð prófanna væru í samræmi við efnistöð kennslunnar. Suðurlandsmót grunnskólaveita í skák fór fram í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 3. Mars. Þar áttum við stóran hóp keppenda, 33 nemendur, sem stóð sig mjög vel. Í yngri flokknum varð okkar A sveit í öðru sæti. Einþáttungurinn Næturvaktin var sett á fjalirnar af elsta stigi og gekk sýningin afar vel. Allir nemendur elsta stigs tóku þátt í vinnu kringum sýninguna, sviðsmynd, búningar, förðun, hljóð og ljós, kynningarefni, söfnun styrkja ofl. Allir nemendur í 10.bekk voru með hlutverk á sviði í sýningunni og mikill áhugi.

Skólinn og félagsmiðstöðin unnu saman að undirbúningi og þátttöku í USSS. Undankeppni var haldin í Flóaskóla og síðan fór fulltrúi okkar í keppnina á Flúðum þar sem fulltrúar Suðurlands í Söngkeppni Samfés voru valdir.

Fyrir páska var sýning miðstigs á söngleiknum Mamma Mia, þar var á ferð metnaðarfull sýning með leik, söng og dansi. Skíðaferð var farin 25-26. mars, stytta um einn dag vegna veðurs.

Miðstigskór Flóaskóla er kominn í samstarf við kór Hvolsskóla. Skólarnir halda sameiginlega tónleika í Skálholtskirkju miðvikudaginn 15.4. kl 17:00.

Yngsta stig er svo að undirbúa sína leiksýningu Línu langsock sem verður sýnd 22.4. næstkomandi.

Stóra upplestrarkeppnin verður haldin í apríl. Fulltrúar Flóaskóla verða valdir í undankeppni 16.4. og svo eru úrslitin í Þjórsárveri 27.4. þar sem fulltrúar Uppsveitaskólanna og Flóaskóla keppa.

9. og 10. Bekkur eru á leið í starfskynningar í lok mánaðar.

Starfsmenn skólans fara í námsferð í Eyjafjörðinn eftir kennslu 28.4. og koma heim að kvöldi 30.4.

Undankeppni Skólahreysti verður 6.5. næstkomandi.

Vonir standa til að nýir sendar komi í skólann á næstu vikum sem bæta munu netsamband í skólanum.

2. Áætlanir fyrir næsta skólaár, s.s. nemendur, starfsmenn, húsnæði  
Áætlaður nemendafjöldi næsta skólaárs er 103 nemendur og áætlað að manna þurfi 27,3 stöðugildi. Farsældarlögin taka heldur meira til sín. Einnig verður aukið starfshlutfall í leiðsögn með kennaranemum sem þó fæst endurgreitt. Nokkur endurnýjun verður á starfsmönnum. Byrjað er að auglýsa stöður og liggur fyrir að auglýsa fleiri.
3. Niðurstöður skólapúlins nemendur  
Í „Virgni nemenda“ er framfær í flestum atriðum milli ára í skólanum en „ánægja af náttúrufræði“ nokkuð undir landsmeðaltali. Varðandi líðan og velferð nemenda virðist líðan barnanna vera yfir landsmeðaltali og í framfær milli ára, nema „tíðni eineltis“

hefur aukist aðeins milli ára í skólanum og er núna á landsmeðaltali. Ánægja er með matinn í mötuneytinu. Jákvæð þróun er í skólanum varðandi skóla-og bekkjaranda.

4. Skóla-og velferðarþjónusta Árneshöfða (SVÁ)

Farið yfir startsemi og samstarf við SVÁ. Sálfræðingur er nýlega kominn inn og kominn í sín fyrstu mál í skólanum. Námsráðgjafa hefur vantað í vetur og brýnustu verkefni þar hafa verið leyst af skólanum. SVÁ hefur einnig unnið að innleiðingu farsældar í skólanum. Greinilegt er að um undirmönnun er að ræða hjá SVÁ og hefur það komið niður á þjónustunni.

5. Skólastefna Flóahrepps- staða á endurskoðun

Skólaráð Flóaskóla hefur farið yfir fyrri hluta núverandi skólastefnu og tekið saman góðar ábendingar. Einkum þarf að einfalda stefnuna og miða málfar hennar við starf skólans fremur en að miðast við heimsmarkmið SP. Alloft er miðað við heimsmarkmiðin en ekki rætt um grunnþætti menntunar. Skólaráð fer yfir seinni hlutann í maí. Afkastur þessa er þá tilbúinn til vinnslu nýrrar skólastefnu í haust.

6. Önnur mál

Rætt slæmt ástand á einni skólarútu. Ljóst er að fylgjast þarf með ástandi bílsins. Unnið er að málinu af hálfu sveitarstjórnar.

Þennan lið sátu: Bjarni Stefánsson formaður, Margrét Drífa Guðmundsdóttir aðalmaður, Hjalti Guðmundsson aðalmaður, Sævar Örn Sigurvinsson aðalmaður, Jakob Nielsen Kristjánsson varamaður, Þórunn Jónasdóttir skólastjóri Flóaskóla, Hafdís Gígja Björndóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla, Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúiforeldra Flóaskóla.

## Sameiginlegt

7. Skóladagatöl Flóaskóla og Krakkaborgar. Lögð voru fram skóladagatöl Flóaskóla og Krakkaborgar. Eru þau samhæfð eins og kostur er hvað varðar starfsdaga og aðra daga sem geta haft áhrif á foreldra. Starfsfólk leikskólans áætla námsferð í apríl á næsta ári og eru þá teknir tveir starfsdagar í kringum sumardaginn fyrsta. Lítilsháttar breytingu þarf að gera varðandi vorskólann í Krakkaborg en að öðru leiti eru leikskóladagatal Krakkaborgar samþykkt, sem og skóladagatal Flóaskóla.

8. Önnur mál. Leikskólinn búinn að gera samning til eins árs við verktaka um þrif.

Þennan lið sátu: Bjarni Stefánsson formaður, Margrét Drífa Guðmundsdóttir aðalmaður, Hjalti Guðmundsson aðalmaður, Sævar Örn Sigurvinsson aðalmaður, Jakob Nielsen Kristjánsson varamaður, Þórunn Jónasdóttir skólastjóri Flóaskóla, Hafdís Gígja Björndóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla, Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra Flóaskóla, Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri Krakkaborgar, Ída Bjarnadóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

## Krakkaborg

9. Fréttir af skólastarfinu.

Starfið hefur gengið vel en undirmönnun veldur stundum vanda, en tekist hefur að mestu að bjarga málunum, þó þurfti að loka einni deild einn dag vegna manneklu. Búið er að finna starfsmann sem hægt er að kalla í þegar þarf, fram á sumarið.

Auglýst verður eftir leikskólakennurum eins og venjulega á vorin. Þegar þetta er skrifað er enn óljóst með deildarstjóra á Lóudeild sem og sérkennslustjóra. Ef til þess kemur verður auglýst í báðar stöður. Samkvæmt starfsmannaviðtölum má gera ráð fyrir að ekki verði miklar mannbreytingar.

Krakkaborg hefur boðist að taka þátt í rannsókn á vegum „Uppeldi sem virkar-færni til framtíðar“ sem snýr að foreldrafræðslu. Verið er að skoða þá möguleika og hvort það sé eitthvað leikskólanum hugnast.

10. Áætlun fyrir næsta skólaár,s.s. nemendur, kennarar, húsnæði

Næsta skólaár er reiknað með 40 nemendum í Krakkaborg og 12,95 stöðugildum starfsmanna.

Skólaárið 2026-2027 verður ár breytinga en stefnt er að því að leggja af stað með flatan stjórnenda stúktur, þ.e.a.s. það verða ekki neinir deildarstjórar sem slíkir á deildum heldur verða hópstjórar. Valdir verða saman leikskólakennarar og ófaglærðir með sinn hópinn hver og saman bera þau ábyrgð á öllu því sem við kemur þessum nemendahópi. Hópstjórar sjá um foreldrasamtöl, alla faglega vinnu og þær skimanir sem við eiga. Með því er létt á því álagi sem fylgir deildarstjórastöðunni og allir vinna meira sem ein heild. Þeir sem eru deildarstjórar núna verða ekki lækkaðir í tign heldur fá þeir önnur hlutverk innan leikskólans. Það er ósk leikskólans að leggja línurnar svona fyrir næsta skólaár og prufukeyra þessa leið, en ef það gengur ekki þá er hægt að bakka til baka.

11. Niðurstöður skólapúlsins, foreldrar

Óhætt er að segja að niðurstöður eru mjög jákvæðar bæði varðandi samanburð milli kannana hjá Krakkaborg sem og samanburð við landið. Flestir liðir eru vel yfir landsmeðaltali og einnig framför innan leikskólans. Afturför er í „Tímasetning viðburða“ og Heimasíða leikskólans“ sem þó er annars vegar nálægt landsmeðaltali og hins vegar yfir landsmeðaltali, svo nokkuð sé nefnt.

12. Skóla-og velferðarþjónusta Árnespings. Lítið hefur þurft að nota þjónustu SVÁ.

Stuðning hefði þurft s.l. haust þegar um skammtíavistun utanaðkomandi barns var að ræða sem etv. hefði átt að vera frá sveitarfélagi viðkomandi barns. Ef slík vistun verður aftur þarf greining og úrræði að liggja fyrir. Greiningar talmeinafræðinga SVÁ haf riðlast væntanlega vegna manneklu þar.

13. Skólastefna Flóahrepps – staða á endurskoðun. Leikskólinn hefur ekki tekið málið fyrir en ætlunin er að fara yfir málið á næsta starfsmannafundi.

14. Önnur mál. Engin.

Þennan lið sátu: Bjarni Stefánsson formaður, Margrét Drífa Guðmundsdóttir aðalmaður, Hjalti Guðmundsson aðalmaður, Sævar Örn Sigurvinsson aðalmaður, Jakob Nielsen Kristjánsson varamaður, Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri Krakkaborgar, Ída Bjarnadóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar